

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi, Umhverfisnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2148
komudagur 11.4.2008

Ísafirði 10. apríl 2008

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

A. *Frumvarp um skipulagslög, 374. mál, heildarlög, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 616*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kunnugt um ítarlega umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið og tekur undir þau atriði sem þar koma fram. Einnig vísar stjórn FV til samþykktar Landspings sveitarfélaga frá 4. apríl s.l. varðandi frumvarpið. Þar sem áréttað er um sjálfsákvörðunarvald sveitarfélaga í skipulagsmálum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vill að auki áréttu um eftirfarandi atriði.

Í markmiðum laganna fyrstu málsgrein kemur fram að þeim er ætlað að taka á samþættingu efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna. Í annarri málsgrein segir að stuðla eigi að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða, verndun náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir ofnýtingu og umhverfispjöll og allt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í skýringum er vísað til að landsskipulagsáætlun horfi til annarra áætlana s.s. samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og náttúruverndaráætlun. Þess er saknað að ekki er vísað til áætlana sem taka til efnahags- og samfélagsmála má þar nefna Byggðaáætlun sem hafa verið afgreiddar frá Alþingi allt frá árinu 1996. Þróun samfélaganna og atvinnulífs hlýtur að vera mikilvægasti útgangspunktur við gerð slíks landsskipulagsstefnu.

Í 3. kafla, 10 gr frumvarpsins er tilgreint að landsskipulagsáætlun geti náð til alls landsins, hluta landssvæðis og efnahagslögsögunnar. Í 13. gr er sagt til um að óbreytt verði sú tilhögun að sveitarfélögin hafi skipulag með hafssvæði innan netlaga. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að tekin verði að nýju upp til skoðunar að stækka skipulagssvæði sveitarfélaga til hafsins, með vísan til vinnu starfshóps ráðuneyta og sambands sveitarfélaga frá árinu 2002. Horfa verður til núverandi þróunar með vaxandi ásóknar í nýtingu strandsvæða umfram hefðbundna veiðar og nytjar, hér má nefna kvíaelði, sjóstangveiði, skoðunarferðir, sjávarlóðir (útsýni) og til framtíðar litið má nefna orkuframleiðslu. Slíka atvinnustarfsemi þarf að skipuleggja eins og á landi og hér er rétt að benda á að sett er fram í frumvarpi um mannvirkjalög 3 mgr c.lið, 8 gr að Byggingarstofnun veiti byggingarleyfi fyrir mannvirki á hafi utan sveitarfélagamarka. Þar sem ekki er sagt um eðli mannvirkja verður að draga þá ályktun um að bæði botnföst sem fljótandi mannvirki sé að ræða.

Hér þarf að meta hvort stjórnvöld séu að fara inn á svið sveitarfélaganna og hvort hægt sé að veita byggingarleyfi án þess að skipulag liggi fyrir eða nægir hér landskipulagsáætlun.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Fyrir sveitarfélög á Vestfirðum er skipulag strandsvæða mikilvægt málefni þar sem 1/3 strandlengju Íslands tilheyrir þeim og mannvirki til hafsins geta haft veruleg áhrif á umhverfi þeirra. Hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga því komið á framfæri við stjórnvöld að svæðið sé kjörið sem reynslusvæði við gerð slíks skipulags.

B. *Frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál, heildarlög, lagt fyrir Alþingi 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 617*

Stjórn áréttar stuðning við umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið


Tekjur Byggingarstofnunar. Gerð er athugasemd við 6. lið 64 gr að lækkun Ofanflóðasjóðsgjalds sé tengt hinni nýju stofnun enda ekki séð að starfsemi þessara aðila skarist. Það hlýtur að vera sjálfstæð ákvörðun stjórnar Ofanflóðasjóðs að leggja til lækkun þessa gjalds með tilliti til stöðu sjóðsins og verkefna á hans vegum. Minnt er á að hér er um tímabundna ráðstöfun að ræða eða þar til verkefnum Ofanflóðasjóðs væri lokið. Mikilvægt er að þeim mikilvægu verkefnum sé lokið hið fyrsta til að tryggja öryggi íbúa landsins.

Almennt um gjaldstofn þennan verður að segja að sé það vilji stjórnvalda að starfsemi hinnar nýju Byggingarstofnunar sé bundinn gjaldstofni, hér hlutfall af brunabótamati, þá er rétt að tilgreina það óháð öðrum gjaldstofnum. Hinn nýi gjaldstofn sé því sýnilegur strax frá upphafi hjá hinni nýju stofnun og endurspegli þá þjónustu sem henni ber að veita eigendum fasteigna. Vara ber við að skapa fordæmi fyrir því að festa, eins og hér gert, Ofanflóðasjóðsgjald að hluta til í sessi gagnvart eigendum fasteigna.

Störf á vegum hins opinbera. Ekki er að sjá í lögum eða skýringum með lögnum hvort starfsemi Byggingarstofnunar geti stuðlað að fjölgun starfa á landsbyggðinni í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar frá maí 2007 *Skilgreind verði þau störf á vegum ríkisins sem hægt er að vinna án tillits til staðsetningar og þannig stuðlað að fjölgun starfa á landsbyggðinni.* Gera verður þá kröfu að stjórnvalda að þegar byggðar eru upp nýjar stofnanir eins og hér er lagt til, að nýta það tækifæri að skoða staðsetningu höfuðstöðva og hugsanlegra svæðisskrifstofa.

Í annan stað verður að benda á hugsanleg áhrif hinnar nýju stofnunar á starfsemi annarra stofnana, dæmi hér um er áhrif á starfsemi Vinnueftirlits sem rekur skrifstofur víða um land. Eftirlit með lyftum verður flutt frá Vinnueftirliti til Byggingarstofnunar, slík eftirlit er hluti af annarri þjónustu sem veitt er. Með því að færa þessa þjónustu frá Vinnueftirliti getur það haft áhrif á rekstur svæðisskrifstofa víða um land. Getur átt þátt í því að draga úr starfsemi slíkra skrifstofa og er það í andstöðu við stefnu ríkisstjórnar um störf án staðsetningar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri